

## 19. stjórnarfundur LH 22. ágúst 2012

### Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal

**Mætt eru:** Haraldur Þórarinnsson (HP), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigurður Ævarsson(SÆ), Andrea Þorvaldsdóttir (AP), Gunnar Sturluson (GS), Þorvarður Helgason (ÞH) og Erla Guðný Gylfadóttir (EGG) og Sigrún Þórðardóttir (SP)  
Starfsmenn : Oddrún Ýr Sigurðardóttir.

#### 1. Fundargerð

Búið var að samþykkja síðustu fundargerð.

#### 2. Heilbrigðisskoðun hrossa á LM 2012

Sigríður Björnsdóttir fór yfir niðurstöður heilbrigðisskoðunar á LM 2012. Í framhaldinu var ákveðið að Benedikt Þorbjörnsson og Sigríður taki saman nánari niðurstöður skoðunarinnar og kynni fyrir stjórn LH.

Í framhaldi kynnti HP að velferðarnefnd sé að verða fullskipuð og stefnt er að hún taki til starfa sem fyrst.

#### 3. Landsþing 2012

Ákveðið var að framlengja frest til þess að skila inn tillögum til Landsþings til 28.08.12.

#### 4. Landsmót 2012

Uppgjör Landsmót er í vinnslu og verður kynnt á næsta stjórnarfundu.

Ákveðið var að kalla saman Landsmótnefnd LH til þess að klára skýrslu sína hvað varðar framtíðarsýn Landsmóta þar sem ekki var hægt að meta kosti þess að halda Landsmót í Reykjavík áður en skýrslan kom út.

#### 5. Dómaramál

Ákveðið var að óska eftir tilnefningu til HÍDÍ vegna yfirdómara á HM2013.

#### 6. Mótamál

Rætt var mótahald hestamanna, GS gerði grein fyrir hugmyndum sínum að fundi eða ráðstefnu þar sem staða mótahalds yrði rædd. Reynt yrði að komast til botns í því af hverju aðsókn að hestamótum hefur dregist saman og hvaða leiðir séu færar til að gera mótin meira spennandi fyrir áhorfendur og hvernig þau geti stuðlað að nýliðun í hestamennsku. Ákveðið var að EGE stýrði nefnd um stefnumótun í keppnishaldi hestamanna.

#### 7. Önnur mál

##### a. Sóttvarnir

AP fór yfir heimkomu FEIF YOUTH hópsins og vinnubrögð tollvalda á Keflavíkurflugvelli vegna móttöku óhreins fatnaðar knapa á erlendri grundu. Var mikil óánægja varðandi hvernig tekið var á heimkomu hópsins og voru móttökurnar í Tollinum á Keflavíkurflugvelli ósamræmi við þá stefnu sem LH hefur unnið að í samvinnu við MAST. Var rætt um þörfina á að grípa til ráðstafana til að bæta úr þessu. ÞH og HP taka að sér að vinna úr málinu.

##### b. Jöfnunarsjóður dómara

AP og SP munu setja saman tillögur að jöfnunarsjóði vegna dómarakostnaðar fyrir hestamannafélögin. Sjóðurinn skal stefna að því að jafna kostnað fyrir félögin sem þurfa að sækja dómara lengra að.

**c. HM 2013**

LH mun óska eftir tillögu frá HÍDÍ um tilnefningu yfirdómara á HM2013. Tillagan verður síðan send til FEIF.

**d. Umferðarreglur hestamanna**

Lagt var fram skjal frá ferðanefnd er varðar umferðarreglur hestamanna og var skjalið samþykkt.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*